

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar

Efni: Tillaga að útsvarsprósentu 2023

Dags: 19. desember 2022

Málsnúmer: 202211145

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykki að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2023 verði 14,74% á tekjur einstaklinga.

Greinargerð:

Á 816. fundi bæjarstjórnar var samþykkt að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2023 verði 14,52%.

Þann 16. desember sl. var gert samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Breytingin er fjármögnuð með auknum framlögum sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs þannig að hlutfeld sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk hækkar um 0,22 stig úr 0,99% í 1,21%. Til að mæta þeim tekjumissi sem sveitarfélög verða fyrir er sveitarfélögum heimilað að hækka útsvarsprósentu um 0,22 stig úr 14,52% í 14,74%. Samhliða þessum breytingum mun ríkið lækka tekjuskattsprósentur svo íbúar verði ekki fyrir aukinni skattheimtu vegna breytinganna.

Framangreind breyting á hámarki útsvars hefur verið samþykkt á Alþingi með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Til þess að bregðast við þessum breytingum er lagt til að Mosfellsbær samþykki að útsvar verði 14,74% í stað 14,52%. Breytingin hefur ekki áhrif á tekjur Mosfellsbæjar af útsvari og leiðir ekki til aukinnar skattlagningar tekna einstaklinga vegna lækkunar tekjuskattsprósentu. Breytingin mun leiða til hærri framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarfélögum er veittur frestur til 30. desember 2022 til að taka ákvörðun um hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur einstaklinga á árinu 2023 og fyrir sama tíma skal tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá ákvörðun.

Frétt Sambandsins varðandi málið má sjá [hér](#) og frétt stjórnarráðs Íslands er að finna [hér](#).

Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Fylgiskjöl:

1. Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.